

Reykjavík, 3. febrúar 1997

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn Fiskveiðasjóðs Íslands um frumvarp
til laga um fjárreiður ríkisins.**

Frumvarp það sem hér um ræðir var lagt fram á 120. löggjafarþingi en er nú endurflutt með breytingum, sem m.a. má rekja til ýmissa athugasemda Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs.

Fiskveiðasjóður gerir eftirgreinda athugasemd við 41. gr. frumvarpsins og er þá gengið út frá að hugtakið fjárskuldbindingar í greininni eigi við lántökur og fjárfestingar.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 44/1976 nýtur Fiskveiðasjóður ekki ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum frá 1. mars 1992 en til þess tíma náði ábyrgðin einungis til innlendra skuldbindinga. Í ljósi þessa er það skoðun Fiskveiðasjóðs að það sé óeðlilegt að samþykki Fjármálaráðuneytis og Sjávarútvegsráðuneytis þurfi að koma til, ef sjóðurinn stofnar til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, sbr. 41. gr., enda hefur sjóðurinn ávallt lagt ríka áherslu á sjálfstæði sitt og það að hann njóti ekki ríkisábyrgðar. Benda má einnig á að Fiskveiðasjóður er ekki á lánsfjárlögum.

Það er því eindregin skoðun sjóðsins að ákvæði 41. gr. ætti einungis að taka til þeirra ríkisaðila í B og C hluta, sem ekki njóta beinnar ríkisábyrgðar, sem þá hefði í för með sér að Fiskveiðasjóði þyrfti ekki að afla samþykkis, eins og greinin áskilur, þótt lántökur hans færu fram úr fjárlögum hverju sinni.

Virðingarfyllst,

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands